

Fundargerð

Íþróttá- og tómstundanevnd - 249. fundur

haldinn í Krosseyri, Linnetsstíg 3,
24. Maí 2017 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi
Ægir Örn Sigurgeirsson varamaður

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason, .

Eva Rut Reynisdóttir fulltrúi Ungmennaráðs sat fundinn

Dagskrá:

4. 1611074 - Kynjajafnrétti í íþróttum

Íþróttafulltrúi lagði fram yfirlitslista yfir hvernig gengur að innheimta svör frá þeim íþróttafélögum sem valin voru.

Næst er að finna aðila til að vinna úr gögnunum

Íþróttá- og tómstundanevnd þakkar góð viðbrögð þeirra sem skilað hafa og þeir sem hafa ekki skilað eru hvattir til þess hið fyrsta.

2. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Fulltrúi Ungmennaráðs fór yfir fundargerð 121 frá 9. maí og sagði að fundi þeirra með bæjarstjórn sem átti að vera í dag væri frestað.

1. 1702140 - Sumarvinna, vinnuskóli 2017

Hafnarfjarðarbær hefur hækkað laun unglinga í 8. - 10. bekk um 16% umfram það sem áætlað var við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017.

Markmiðið er að svara óskum unga fólksins um hækkun launa, gera unglingavinnuna meira aðlaðandi og vera með sambærileg laun og nágrannasveitarfélögin.

Í Hafnarfirði fá nemendur úr 8. bekk vinnu en svo er ekki í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. 17 ára börn eða þeir sem eru á fyrsta ári í menntaskóla fá einnig öll sumarvinnu sem sækja um.

3. 1705202 - Frístundaheimili - viðhorfskönnun

Kynnt niðurstaða viðhorfskönnunar sem foreldrar barna í 1. - 4. bekk í grunnskólum bæjarins gafst færi á að taka þátt í um viðhorf þeirra gagnvart þjónustu frístundaheimilanna sem Hafnarfjarðarbær rekur.

Nefndin þakkar góða kynningu og leggur á það áherslu að unnið verði áfram að því að auka svigrúm til heimanáms í gegnum frístundaheimilin. Tillögur voru lagðar

fram af starfshópi árið 2015 þar sem línur voru lagðar. Einnig þarf að skoða aðra þætti sem skýrir eru í þessari könnun eins og þjónustu við börn með sérþarfir.

5. 1705348 - Hagir og líðan ungs fólks í Hafnarfirði, 5.-7. bekkur

Lögð fram könnun um nemendur í 5. - 7. bekk í Hafnarfirði þar sem spurt er um líðan og félagslega þætti.

6. 1702141 - Þjóðhátíðardagurinn 17. júní 2017

Farið yfir drög að dagskrá og rætt um helstu viðburði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45.

**Karólína Helga Símonardóttir
(n)
Elísabet Ólafsdóttir (sign)**

**Guðbjörg Oddný Jónasdóttir
(sign)
Ægir Örn Sigurgeirsson (sign)**
